

FUNDARGERÐ 530. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 29. maí 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. ESA mál SORPU – dótturfélög

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, lögmaður, tekur sæti á fundinum.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði með tillögum um heimild til stofnunar dótturfélags utan um móttöku rekstrarúrgangs frá lögaðilum í móttökustöð SORPU Gufunesi, og nafnabreytingu á Metan ehf. í Álfsnes ehf., til að reka starfsemi SORPU bs. í Álfsnesi.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra umboð til að stofna nýtt einkahlutafélag sem bera skal nafnið MTR ehf. og hafa þann tilgang að móttaka rekstrarúrgangs sem berst á móttökustöðvar SORPU bs. auk skyldrar starfsemi s.s. rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Þá er framkvæmdastjóra jafnframt veitt umboð til að breyta samþykktum Metan ehf. kt. 530999-2469, þannig að eftirleiðis beri það félag nafnið Álfsnes ehf. og tilgangur þess skal vera endurnýting, endurvinnsla og förgun úrgangs og rekstur viðeigandi mannvirkja. Að auki er félaginu ætlað að annast dreifingu og eftir atvikum sölu á afurðum framangreindrar starfsemi svo sem metangasi og moltu. Þá er því ætlað að fást við þróun tæknilausna sem styðja við starfsemi þess og þróun á afurðum s.s. umhverfisvænum orkugjöfum. Loks er félaginu ætlað að fást við aðra skylda starfsemi svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Bæði félögin skulu vera alfarið í eigu SORPU bs. og stjórnendur SORPU bs. skulu sitja í stjórn þeirra við stofnun þar til annað verður ákveðið.

Minnisblað fylgir fundargerð.

2. Stjórnkerfi SORPU bs.

Haraldur Flosi situr áfram undir þessum lið. Halldór Þorkelsson, ráðgjafi hjá Arcur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Halldór kynnir greinargerð, sem unnin var að beiðni stjórnar, um

breytingar á stjórnkerfi SORPU til að draga úr áhættu vegna stjórnskipulags, einfalda ákvörðunartöku og skýra ábyrgð.

Í inngangi greinargerðarinnar segir: „Á stjórnarfundum SORPU bs. þann 15. apríl 2026 voru kynntar tillögur ARCUR um endurskoðun stjórnskipulags SORPU bs. Tillögurnar byggja á fyrri greiningu sem unnin var fyrir samlagið árið 2023, þar sem bent var á að núverandi stjórnskipulag væri orðið flókið, ábyrgðarkeðjur ekki nægilega skýrar og að ákvarðanatökuferli gæti orðið óþarflega þungt í framkvæmd. Einnig hefur verið fjallað um áhættu varðandi fyrirkomulag við skipun stjórnar. Ábendingar um ofangreint hafa ítrekað borist frá innri endurskoðendum SORPU, endurskoðendum SORPU og áhættunefnd SORPU.“

Stjórn vísar greinargerðinni til eigendafundar SORPU og nýrrar stjórnar til umfjöllunar.

Gestir víkja af fundi.

3. Önnur mál.

Stjórn þakkar stjórnendum fyrir gott samstarf og vel unnin störf og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í störfum sínum.

Næsti fundur

Fundurinn er síðasti fundur sitjandi stjórnar og verður næsti fundur boðaður af nýrri stjórn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:07.